

á veginum, þar sem áreksturinn varð, að það hafi teljandi áhrif á áætlaðan hraða bifreiðarinnar miðað við bremsuförin.

Þegar litið er til ákomustaða bifreiðanna, eins og þeir eru sýndir á uppdrættinum, og höfð er í huga lýsing á skemmdum á bifreiðunum í lögregluskýrslunni, þ. e. að Y 484 skemmdist vinstra megin að aftan og R 55296 hægra megin að framan, þá er það álit dómsins, að ósannað sé, að öku- maður bifreiðarinnar R 55296 hafi átt sök á árekstrinum. Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvæðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Áki Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bergs Haraldssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 37/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Matthíasi Garðarssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Bann við hundahaldi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1983 að ósk ákærða. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. mars sl. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er sakfellingu varðar, en þyngingar refsingar.

Verjandi krefst aðallega sýknu og að allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að refsing verði felld niður, og til þrautavara, að sekt samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði lækkuð verulega.

Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvísun í lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Það athugast, að í héraðsdómi greinir, að lögreglumenn hafi sinnt umkvörtun út af hundahaldi ákærða „9. júní sl.“, en á að vera 9. júní 1980.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu atferlis ákærða til refsíákvæða, en um lagaheimildir, sem hér reynir á, var fjallað í dómi Hæstaréttar í hæstaréttardómasafni XLVI (1975), bls. 601, er hefur fordæmisgildi. Þykir fésekt ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en í stað fésektar komi 8 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður, þó svo, að 8 daga varðhald komi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Matthías Garðarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málskvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 23/1974 frá 18. júní 1975, sem prentaður er í dómasafni Hæstaréttar 1975, bls. 601, var staðfest bann við hundahaldi í Reykjavík. Alkunnugt er þar, að síðan dóm-

urinn gekk, hefur fjöldi hunda verið í borginni, og oft má sjá hunda á almannafæri. Ákærða í málinu er ekki gefið að sök, að hundur hans hafi unnið mein. Með hliðjón af framangreindu og málavöxtum að öðru leyti tel ég ekki efni til að gera ákærða að greiða hærri fésekt en verið hefði samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1953, áður en henni var breytt með 10. gr. laga nr. 75/1982, þó að teknu tilliti til almennra verðlagsbreytinga. Samkvæmt þessu tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna 2.500.00 króna sekt, sem afplánist með 4 daga varðhaldi.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 10. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 486/1982: Ákærvaldið gegn Matthíasi Garðarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 10. nóvember 1982, gegn ákærða, Matthíasi Garðarssyni heilbrigðisfulltrúa, Krummahólum 2 í Reykjavík, fæddum 24. mars 1949 á Ísafirði, „fyrir að hafa frá 15. desember 1979 haldið hund í Reykjavík án þess að hafa til þess leyfi.

Telst þetta varða við 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75/1982 og við 2. mgr. 22. gr., sbr. 32. gr., sbr. 4. tl. ákv. til bráðabirgða laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 40/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til þess að greiða allan sakarkostnað.“

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 9. júní sl. voru tveir lögreglumenn sendir að Krummahólum 2 vegna kvörtunar um hundahald þar. Er þeir komu þangað, var hundur á leik þar fyrir utan. Reyndist eigandi hans vera ákærði, Matthías Garðarsson. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sama dag sagði ákærði, að umræddan dag hefði sonur sinn verið að leik með hundinn, þegar lögreglan kom á staðinn, en kvartað hefði verið út af öðrum hundi á staðnum, sem lögreglan hafði afskipti af. Viðurkenndi ákærði að hafa haldið hundinn þrátt fyrir bann gegn hundahaldi og kvaðst ekki hafa í hyggju að losa sig við hann. Í ljós kom, að ákærði fékk hundinn þann 15. desember 1979 og hefur hann enn.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómssátt, en hann hafnaði því, þar sem honum þótti sektin of há.

Ákærði kom fyrir dóm í dag og viðurkenndi skýlaust brot það, sem hann er ákærður fyrir. Kvaðst hann enn halda fyrrgreindan hund. Kvaðst hann vilja koma því að, að aldrei væri kvartað yfir hundinum.

Niðurstöður.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki er bæjarstjórn og hreppsnefndum heimilt að ákveða með samþykkt að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

Í 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með síðari breytingum er kveðið svo á, að hundahald sé bannað í Reykjavík nema með sérstöku leyfi. Ákvæði þetta á stoð í ofangreindum lögum, sbr. áður lög nr. 8/1924.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, geta sveitarfélög sett sér heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er þannig heimilt að setja í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun hundahalds. Í Reykjavík hefur ekki verið sett heilbrigðissamþykkt samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981. Samkvæmt 4. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981 halda samþykktir sveitarfélaga, sem staðfestar hafa verið af ráðherra samkvæmt lögum nr. 7/1953, gildi sínu, fari þær ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981. Ákvæði 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík fara ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haldið hund á heimili sínu þann tíma, sem í ákæru greinir.

Með hlisjón af játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, en af framangreindum ástæðum þykir brot hans ekki falla undir ákvæði laga nr. 50/1981.

Ákærði hefur ekki sætt refsingum, sem máli skipta við niðurstöðu þessa máls.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík og 7. gr. laga nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75/1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga. Þykir refsing

ákærða hæfilega ákveðin 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Matthías Garðarsson, greiði sekt til ríkissjóðs kr. 5.000.00 innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 72/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Regínu Stefnisdóttur

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Bann við hundahaldi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar mað stefnu 18. febrúar 1983 að ósk ákærðu. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 16. maí sl. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er sakfellingu varðar, en þyngingar refsingar.

Verjandi krefst aðallega, að refsing verði felld niður, en til vara, að sekt ákærðu verði lækkuð verulega.

Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvísun í lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Enn fremur gerði hann þá breytingu á ákæruskjali, að í stað orðanna „apríl 1975“ komi „ágúst 1978“.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu atferlis ákærða til refsíákvæða, en um lagaheimildir, sem hér reynir á, var fjallað í